

Nr. 7/2009

3. mars 2009

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fjórða ársfjórðungi 2008

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2008 og um stöðu þjóðarbúsins í lok fjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður var óhagstæður um 199,6 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi sem er talsvert meiri halli en á fjórðungnum á undan. Rúmlega 33 ma.kr. afgangur var í vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd en rétt yfir 233 ma.kr. halli þáttatekna skýrir óhagstæðan viðskiptajöfnuð.

Halla á þáttatekjum á fjórða ársfjórðungi má að langmestu leyti rekja til taps innlendra aðila á beinni fjárfestingu erlendis og aukins vaxtakostnaðar vegna erlendra skulda.

Hreint fjárinnstreymi nam 224,8 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi. Innstreymi fjármagns upp á 542,6 ma.kr. skýrist helst af neikvæðri endurfjárfestingu og sölu á íslenskum félögum erlendis. Útstreymi fjármagns var 315,5 ma.kr. sem að mestu leyti skýrist af neikvæðri endurfjárfestingu erlendra aðila á Íslandi.

Skekkjuliðurinn í ársfjórðungsuppgjörinu er neikvæður um 25 ma.kr. sem er töluvert minna en í síðasta uppgjöri. Neikvæður skekkjuliður skýrist oftast af vanmati á fjármagnshreyfingum. Nákvæmar upplýsingar um viðskipti og tímasetningu þeirra berast með töluverðri töf.

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 3.675 ma.kr. í lok fjórða ársfjórðungs og versnaði um 1.341 ma.kr. frá síðasta fjórðungi. Þessi þróun stafar einkum af gengislækkun krónunnar en einnig af erlendri lántöku Seðlabankans. Erlendar eignir námu 9.557 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 13.233 ma.kr. Vert er að geta þess að inni í tölum um erlendar skuldir eru ennþá eignir og skuldir viðskiptabankanna þriggja sem nú eru í greiðslustöðvun.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

Tafla 1: Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	<u>2007,4</u>	<u>2008,1</u>	<u>2008,2</u>	<u>2008,3</u>	<u>2008,4</u>
Viðskiptajöfnuður	-91,9	-59,0	-135,8	-113,4	-199,6
Útflutningur vöru og þjónustu	127,6	110,5	171,9	173,5	194,2
Innflutningur vöru og þjónustu	-160,0	-146,9	-183,6	-193,9	-160,7
Þáttatekjur og framlög, nettó	-59,6	-22,6	-124,0	-93,0	-233,1
Fjármagnsjöfnuður	88,8	185,5	-37,1	274,1	224,8
Fjármagnshreyfingar án forða	92,3	192,5	-59,3	388,7	227,2
Erlendar eignir, nettó	-582,6	241,2	-350,1	223,2	542,6
Erlendar skuldir, nettó	674,8	-48,7	290,7	165,5	-315,5
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-3,1	-6,5	22,6	-114,9	-1,9
Skekkjur og vantalið nettó	3,2	-126,5	172,8	-160,7	-25,2

Tafla 2: Erlend staða þjódarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma í milljörðum króna

	<u>2007,4</u>	<u>2008,1</u>	<u>2008,2</u>	<u>2008,3</u>	<u>2008,4</u>
Erlendar eignir, alls	6.617	7.883	8.436	9.967	9.557
Bein fjárfesting erlendis	1.709	1.756	1.899	2.488	1.818
Erlend markaðsverðbréf	1.672	2.086	2.091	2.222	2.331
Aðrar fjáreignir en forði	3.074	3.821	4.243	4.882	4.979
Gjaldeyrisforði	163	220	203	375	429
Erlendar skuldir, alls	7.983	9.914	10.561	12.301	13.233
Bein fjárfesting á Íslandi	740	839	887	869	421
Innlend markaðsverðbréf	3.706	4.582	4.853	5.419	6.161
Aðrar erlendar skuldir	3.537	4.493	4.821	6.013	6.650
Hrein staða við útlönd	-1.366	-2.031	-2.126	-2.334	-3.675

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.